

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um innflutning á geislatækjum, er framleiða útfjólubláa geisla nr. 449/1982.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Skoðunargjald að upphæð kr. 2 500,00 skal fylgja með umsókn.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. gr. laga nr. 58/1982, um breytingu á lögum nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geisla virkum efnum eða geislatækjum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. mars 1984.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafs Sólímans Lárussonar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 19. mars 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ólafs Sólímans Lárussonar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Ólafs Sólímans Lárussonar. Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 100 000,00. Heimili minningarsjóðsins er Keflavík.

2. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er að auka menntun og hæfni starfsmanna þjónustumiðstöðvar Þroskahjálpar á Suðurnesjum með því að veita þeim styrki til náms og eða framhaldsnáms.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki og skulu þær auglýsingar hengdar upp innan stofnunarinnar.

Umsóknir um styrki úr minningarsjóðnum skulu sendar sjóðstjórn fyrir 1. nóvember ár hvert. Sjóðsstjórn úthlutar árlega einum eða fleiri styrkjum úr sjóðnum að eigin mati og skal styrkveitingin kunngerð hinn 28. desember ár hvert. Sjóðsstjórninni er heimilt að fella niður styrkveitingu einstök ár.